

**Ármenn eru minntir á að skila  
inn umsóknunum í Brúará fyrir  
kl. 22 mánudagskvöldið 5. maí**

Sumir velja sér  
tvo lífsförunauta  
um ævina

*Scott*  
er annar þeirra

**Flugustangir með lífstíðarábyrgð**

Útsöluastaðir:

Intersport

J. Vilhjálmsson

Útilíf

Veiðibúðin við Lækinn

Vesturröst

AV047 63

**ARMENN**

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,  
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.  
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.  
www.armenn.is / armenn@armenn.is

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Apríl 2003

## Nýtt fyrir Ármenn: BRÚARÁ!

Ármenn hafa nú gert samning við landeiganda á Spóastöðum við Brúará um leigu á fjórum stöngum af átta sem leyfðar eru á svæðinu.

Að ósk leigusala selja Ármenn aðeins leyfi til sinna félagsmanna en hinar fjórar stangirnar verða seldar sumarbústaða-eigendum í landi Spóastaða. Tímabilið sem samið var um er frá 7. júní til 11. júlí að báðum dögum meðtöldum og er veiðitíminn frá átta til tíu að kvöldi daginn fyrir úthlutaðan veiðidag og frá átta til tuttugu úthlutunardaginn. Þetta tímabil mun vera ákjósanlegt til bleikjuveiði í ánni sérstaklega ef vorið verður hlýtt. Íbúð fylgir með sex svefnpoka-plássum og eldunaraðstöðu. Skila ber húsnæðinu hreinu eins og Ármanna er siður hálf tíma áður en næsta holl má hefja veiðar. Sem sagt sama fyrirkomulag og er í Hlíðarvatni.

Íbúðin er í fiskeldishúsi á hæð norð-austan við brúna á Brúará og ættu menn að ná góðu sambandi við fiskheima í

draumum sínum þar sem fiskeldið á sér stað hinu megin við þilið á íbúðinni.

Verði er stillt í hóf og verður hver stöng á virkum degi seld á kr. 2.500 en á kr. 2.800 um helgar og mun sala veiðileyfa hefjast innan skamms eins og sjá má annar staðar í blaðinu og sölunni fylgt eftir með kynningu á svæðinu.

Það er von stjórnar að Ármenn taki vel við sér og bítí á agnið því hér er á ferðinni tilraun vegna ákalls um aukið framboð veiðilendna innan félagsins og ef vel tekst til verður e.t.v. hægt að framlengja þennan samning að ári.

Viktor Smári Sæmundsson # 639

## Ertu með netfang?

**Skorað er á félagsmenn að láta stjórn í té netföng sín.  
Það margborgar sig vað vera með netfangið á skrá hjá Ármönnum.  
Sendu póst á armenn@armenn.is og skráðu þig á listann.**

Stjórnin

## Dagskráin í Árósum

Miðvikudagskvöldið 30. apríl	kl. 20.00:	Hliðarvatn í Selvogi: Kolbeinn Grímsson og Ragnar Hólm segja frá.
Mánudagskvöldið 5. maí	kl. 20.00:	Listahnýtarinn Steve Thornton kemur í heimsókn.
Miðvikudagskvöldið 7. maí	kl. 20.00:	Brúará - veiðilýsing.

*Opið öll mánudags- og miðvikudagskvöld frá 20-22.*

## Þingvallaveiðin í höfn!

**Stjórn Ármanna hefur gengið svo frá við Þingvallanefnd að félagsmenn geta áfram veitt fyrir landi Þjóðgarðsins þetta sumarið. Veiðimenn eru minntir á að hafa félagsskírteinin meðferðis þegar þeir skunda næst á Þingvöll.**

## Afsláttur til Ármanna

Athygli félagsmanna er vakin á því að ýmsar verslanir bjóða okkur sérstakan afslátt gegn framvísun félagsskírteinis. Hér að neðan eru gagnlegar upplýsingar sem gott er að kíkja á skömmu áður en kaupæðið rennur á veiðimennina.

Útivist og veiði	Síðumúla 11	15% afsláttur
Veiðihornið	Hafnarstræti 5 / Síðumúla 8	10% afsláttur í netklúbbi
Vesturröst	Laugavegi 178	10-15% afsláttur
Veiðivon	Mörkinni 6	10% afsláttur

## Eftirmáli

Þegar ég á þrítugsafmæli Ármanna var að hripa á blað minningar um upphaf urriðaveiða okkar í Laxá í S-þing. varð mér lítið í ágæta skýrslu Jóns Kristjánssonar fiskifræðings um þennan veiðiskap árin '74, '75 og '76. Þar er m.a. reiknuð meðalveiði á dagstöng:

Ár	1974	1975	1976
Efra	3,04	2,24	3,05
Neðra	2,80	1,91	1,39

Hækkunin úr 2,24 í 3,05 skýrist mjög af því að dagstöngum fækkaði úr 904 í 579,5. Fyrsta árið, '73, eru skýrslur ekki eins áreiðanlegar.

Vegna þessara staðreynda kunnir ég ekki við að geta þess, að það liðu mörg ár áður en mér reyndist erfitt að fylla 12-fiska kvótann.

Alloft veiddi ég með Kolbeini Grímssyni og Péttri Ólafssyni og ekki gekk þeim verr en mér, nema síður væri. Þetta var bara svona, engin óregla, en maður var allan daginn eins og ölvaður af áhrifum umhverfis og iskaþri veiðigleði. Stundum voru með mér óvanir unglingar og í kvótann þeirra var oft veitt eftir að minn var fylltur. Allt þetta er jafnsatt eins og hitt, að fyrir þremur árum veiddi ég í þrjá daga í Mývatnssveit án þess að landa fiski. Veður var gott og aðrir veiddu. Þetta lét Pétur segja sér þrisvar sinnum, og fór honum eins og Njáli forðum, og þó með þeirri viðbót að láta mig staðfesta þetta simleiðis.

Á þriðja fisklausu kvöldi tautaði ég við mig sjálfan: "Hvar hafa dagar lífs þins lit sínum glatað?" Að bragði fann ég þó að spurningin var út í hött. Þetta höfðu ekki verið litlausir dagar. Fyrir og síðar er lífið mér litskrúðugt.

Úr því að ég fann hjá mér löngun til að senda blaðinu okkar þennan eftirmála ætla ég að greina frá ógleymanlegu atviki.

Neðan við opið á Geirastaðaskurði fékk ég 9,5-pundara. Hann stökk þrisvar, þurrkaði sig alveg. Stökkin voru andstremmis, einhvern veginn róleg og óttalaus eins og ég væri ekkert að gera honum.

Og nú kemur það sem ég get ekki gleymt. Þeir stukku tveir, nákvæmlega í takt, nákvæmlega jafnstórir, hlið við hlið, þrisvar sinnum.

Loks strandaði ég fiskinn í mölinni neðan við skurðinn. Þá datt straumflugan út úr honum og vantaði bæði odd og agnhald (röng hersla í stáli).

Kolbeinn var í þessu "holli". Viku síðar símaði hann svo til mín aftur kominn í veiðina, til að segja mér frá silfruduðum 10-pundara sem hann náði í Hagatánni og með steinsökkvandri línu.

Svona var veiðigleðin dásamleg og gagnkvæm – og efirminnileg er hún í ellinni.

Reykjavík 15.04.2003  
Bjarni Kristjánsson

Þetta dæmi reyndist félaginu of stórt.

Við brugðum á það ráð að ætla hverjum félagi nokkra stangardaga á sumri - og greiða fyrir þá.

Þetta var ekki vinsælt þótt margir yrðu til þess að leysa til sín leyfi frá þeim sem ekki vildu fara.

Í minningunni finnst mér að ég hafi fyrstu árin ýmist farið þrisvar eða fjórum sinnum á sumri, þrjá veiðidaga í senn. Kolbeinn fór miklu oftar.

Fyrir allt svæðið hlutu Ármenn að greiða leigu sem hækkaði ákaflega ört.

Við hopuðum og höfðum um sinn aðeins Austurbakkann á öllu svæðinu.

Við höfðum vissulega aukið hróður svæðisins og lagt nokkuð af mörkum til þess að sæmilegt væri að gista á tjaldstæði. Þar kom þó fyrr en varði að við urðum af rekstrarfræðilegum ástæðum að gefast upp.

Bændur reka þetta nú með pomp og prakt. Þriggja daga veiði með skyldugri dvöl á veiðihótelum kostaði s.l. sumar nálægt 50 þúsund kr.

Annað er miklu verra, meðalþunga fisks hefur hrakað herfilega og það er lítið af honum, dagkvóti dottinn úr 12 í 6.

Í nokkur ár eftir uppgjöfina nutu Ármenn forgangs við pöntun veiðileyfa en það rjátlaðist fljótlega af, einkum eftir að útlendingar komu í spilið.

Margir Ármenn hafa þó haldið tryggð við svæðið - en eins og hver annar Pétur eða Páll.

Þessa minningar, flestar nálega þritugar, eru án tilvitnana í fundargerðir og leigusamninga.

Mér er það ánægja að miðla þeim til ykkar.

Takk fyrir gott hljóð - Gleðilega hátíð.

## Hlíðarvatnskypping

Flugnahöfðinginn Kolbeinn Grímsson segir sögur af veiðinni í Hlíðarvatni í Selvogi og kynnir veiðistaði og veiðiaðferðir næsta miðvikudagskvöld í Árósum. Þessi snjalli fluguveiðimaður hefur veitt í Hlíðarvatni síðan 1700 og súrkál. Við kynninguna nýtur hann fulltingis "nýgræðings" á þessum slóðum, Ragnars Hólms.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

## Allt til stangveiða á þægilegu verði



Vilt þú gera veiðitúrin ánægjulegri? Hjá okkur færðu græjurnar á góðu verði og allt annað verður leikur einn.

Silungaflugur frá .....	120,-
Straumflugur frá .....	160,-
Laxaflugur frá .....	200,-
Túbur frá .....	250,-
Flugustangir Arkó	
Sth, Graphite í hólki .....	9.900,-
Vöðlur Fladen, Neoprene 4,5 mm .....	8.900,-
Kaststangir frá .....	1.290,-
Kasthjól Fladen 6 legu .....	5.990,-
St.Croix stangir frá .....	12.900,-
St.Croix fluguhjól frá .....	5.990,-



Krókar, hnýtingarefni  
og margt fleira.  
Sjón er sögu ríkari.

ARKÓ  
VEIÐIVÖRUR

Krókhálsi 4, 110 Reykjavík  
Sími: 587 5800 • www.arko.is

Minnt er á útleigu á Árósum, góðum veislusal sem tekið hefur algjörum stakkaskiptum eftir miklar endurbætur. Leiga fyrir salinn er 18.000 kr. en að auki greiðast 5.000 kr. í tryggingagjald sem fást endurgreiddar ef menn sjá sjálfir um þrif og frágang að veisluhöldum loknum. Hafið samband við stjórn Ármanna í tæka tíð. Netfang stjórnar er [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is).

**Orvis  
Thomas & Thomas  
Scott  
Royal Wulff  
RIO  
Scientific Anglers  
G-Loomis**

**Fluguveiðivörur  
Hnýtingarefni**

**10-15% afsláttur  
til Ármanna**



**Vesturröst Laugavegi 178 105 Reykjavík  
S 5516770**

## Afdrep Ármanna við Brúará



bls. 4

Ármenn héldu upp á 30 ára afmæli félagsins á dögnum. Hér birtist ræðan sem Bjarni Kristjánsson, fyrirverandi formaður, hélt ásamt með eftirmála hans. - Ritstjórninn

### Ármenn þrítugir.

Góðir gestir! Mikið er ánægjulegt að sjá ykkur svona mörg á þrítugsafmæli þeirra hugsjóna og væntingar sem vöktu fyrir Jóni Hjartarsyni þegar hann auglýsti stofnfund félags.

Urriðaveiðin í Laxá í S. Þing. varð hið praktíska viðfangsefni sem öðru fremur sneri að félaginu í upphafi.

*Snemma*  
20. maí (eftir minni) fóru stjórnarmenn hins nýja félags norður í Mývatnssveit til að semja við Veiðifélag Laxár og Krakár. Veður var gott og á leiðinni yfir Fljótsheiði heilsaði okkur karri á hverri strýtu í landslaginu og á mörgum girðingarstaurom.

Um nóttina frysti, -6°C, og sumir skulfu mikið í gömlu svefnpokunum. Svo rann upp sólríkur blíðviðrisdagur og mönnum leist vel á sýnishornin sem tekin voru af fiskinum. Umhverfið hafði líka mjög jákvæð áhrif.

Samningarnir sem Stefán okkar Jónsson hafði undirbúið gengu greiðlega, en hann átti þarna háttvirtum kjósendum að mæta.

Bændur fréttu það hjá Stefáni að fiskana þeirra ætti að veiða á flugu og annað agn ekki. Þess vegna lá það beint við að semja við Ármenn, sem Stefán hafði að sínu leyti heillað með frásögnum sínum. Þessari fullkomnun í fisklíki væri það meira að segja áskapað að taka með látum fluguna hjá kurteisum veiðimanni og fara svo á sporðinum alveg yfir að hinum bakkanum.

Sem betur fer er aðdáun Stefáns geymd en ekki gleymd með riti hans "Gengið með ánni". Á félagsfundi til undirbúnings þessa máls vogaði sér einhver að spyrja um mývarginn. Svarið lýsir bjartsýni og kátínu sem ríkti þá í hinu nýja félagi. Vargurinn hefur aldrei truflað veiðimenn eða neitt annað í Mývatnssveit - þ.e.a.s. nema hérna um árið þegar hann drap kvíguna.

Í framhjáhlupi get ég þess, að síðar sá ég Stefáni refsað grimmilega fyrir frjállega umgengni við varginn.

Heimkominn teiknaði ég skemað sem Hólmfríður notar enn í dag til þess að hvorki tölur né nokkuð annað rugli bókanir um veiðileyfi. Stangir voru 33, þar af 19 á neðra svæði.

Fyrir eigin reikning drifum við upp snyrtiaðstöðu með vatnssalerni á tveim stöðum á efra svæði og styrktum síðan byggingu veiðihúss á því neðra.

*úþ og efancy (Skýrsla Jens Ló þarann 74, 75 og 76)*  
Veiðin reyndist ~~frábærlega góð~~ en því miður voru allt of margir sem ekki sóttust eftir henni. Það var langt að fara og í maí og júní voru vegir oft herfilegir með kafhlaupum vegna frostsKemmda.

bls. 5